

BORGARRÁÐ 10.3.'16: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að endurnýjun á gervigrasvöllum verði sett í forgang í Reykjavík - R16030080

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka nauðsyn þess að setja endurnýjun á gervigrasvöllum í Reykjavík í forgang. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til á borgarstjórnarfundi 1. desember 2015 að endurnýjunin yrði sett í forgang og henni lokið á árinu 2016. Þá yrði gúmmíkurli úr dekkjum skipt út fyrir hættuminni efni á þeim völlum, þar sem það er nú að finna, fyrir árslok 2016. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekuðu mikilvægi þessarar forgangsörðunar með bókun á borgarstjórnarfundi 16. febrúar 2016. Nú þegar hafa nágrannasveitarfélög Reykjavíkur ákveðið að setja endurnýjun sinna gervigrasvalla í forgang þannig að þeirri endurnýjun ljúki á árinu 2016 en á sama tíma lítur borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna ekki svo á að slík endurnýjun sé forgangsmál

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Á fundi borgarráðs 10. mars sl. var lögð fram eftirfarandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka nauðsyn þess að setja endurnýjun á gervigrasvöllum í Reykjavík í forgang. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til á borgarstjórnarfundum 1. desember 2015 að endurnýjunin yrði sett í forgang og henni lokið á árinu 2016. Þá yrði gúmmíkurli úr dekkjum skipt út fyrir hættuminni efni á þeim völlum, þar sem það er nú að finna, fyrir árslok 2016. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekuðu mikilvægi þessarar forgangsriðunar með bókun á borgarstjórnarfundum 16. febrúar 2016. Nú þegar hafa nágrannasveitarfélög Reykjavíkur ákveðið að setja endurnýjun sinna gervigrasvalla í forgang þannig að þeirri endurnýjun ljúki á árinu 2016 en á sama tíma lítur borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna ekki svo á að slík endurnýjun sé forgangsmál.

Nú liggja fyrir tilboð í gervigrasvelli í Reykjavík. Ákveðið var að óska eftir tilboðum í 1 - 3 velli.

Fyrir liggur tillaga USK og samþykkt innkauparáðs, að taka tilboði í 3 velli fyrir Víking, KR og Fylki og verða þeir vellir lagðir í sumar.

SEA og ÍTR munu við gerð fjárhagsáætlunar 2017 - 2020 leggja fram endurskoðaða áætlun um endurnýjun þeirra gervigrasvalla í Reykjavík. sem eftir á að endurnýja.

Ómar Einarsson

Hrólfur Jónsson